

Svar Háskóla Íslands við fyrirspurn mennta- og menningarmálaráðuneytisins um þátt siðfræði og skyldra hluta í námi og kennslu við skólann

19. október 2012

Háskóla Íslands hefur borist erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 16. október 2012, þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort og hvernig skólinn hafi fyrir sitt leyti í kjölfar skýrslu þingmannanefndar, dags. 11. september 2011, og ályktunar Alþingis, nr. 29/138, um skýrslu rannsóknanefndar Alþingis gripið til aðgerða til að "efla siðfræðilega menntun [...] og umræðu um gildi siðareglna" og "hvort gerðar hafi verið breytingar í kennslu og/eða námsgagnagerð til að gera siðfræði, heimspeki, gagnrýna hugsun, rökræður og fjölmiðlalæsi að sjálfsögðum hluta náms". Skammur tími er gefinn til að bregðast við erindinu og eru viðbrögð Háskóla Íslands því í formi minnisblaðs fremur en ítarlegrar greinargerðar.

- Skömmu eftir að **Skýrsla rannsóknanefndar Alþingis um aðdraganga og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði** kom út í apríl 2010 var hafin markviss vinna innan Háskóla Íslands við að greina skýrsluna, ræða og kynna efni hennar og leitast við að draga af henni lærdóma. Meðal annars efndu nokkur fræðasvið og deildir til fjölsóttar fundaraðar um skýrsluna og haldin voru málþing, fyrirlestrar og fundir um efni hennar með þátttöku innlendra og erlendra sérfræðinga. Þá var skýrsla rannsóknanefndarinnar, einkum 8. bindi sem fjallar um háskólasamfélagið, kynnt og rædd sérstaklega í háskólaráði og á háskólapingi í maí 2010. Samþykkti þingið að fela gæðanefnd háskólaráðs að fara yfir helstu ábendingar í skýrslunni og gera tillögur um hvernig Háskóli Íslands gæti brugðist við þeim. Fór gæðanefnd vandlega yfir skýrsluna og ýmis gögn sem henni tengdust og hafði samráð við fjölmarga aðila, s.s. aðrar starfsnefndir háskólaráðs, félag akademískra starfsmanna, Stúdentaráð og höfunda skýrslunnar. Í kjölfarið lagði gæðanefnd fram ítarlega greinargerð með tillögum um viðbrögð og var hún kynnt og rædd í háskólaráði haustið 2010.
- Í **Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016** er lögð rík áhersla á samfélagslega ábyrgð og eflingu siðvitundar og siðfræðilegrar dómgreindar í kennslu og námi á öllum fræðasviðum háskólans. Er sérstakur kafli stefnunnar helgaður þessum málaflokki og segir þar m.a.: "Háskóli Íslands er æðsta menntastofnun þjóðarinnar og hefur ríkum skyldum að gegna við íslenskt samfélag, náttúru, menningu og tungu. [...] Brýnt er að vísindamenn skólans

ástundi uppbyggilega gagnrýni á þeim vettvangi sem hver og einn þekkir best og að þeir taki virkan þátt í opinberri umræðu á vandaðan hátt. Skólinn leggur áherslu á að starfsfólk og stúdentar séu ábyrgir borgarar í lýðræðissamfélagi. Sem alþjóðlegur rannsóknaháskóli skilar háskólinn mikilsverðu framlagi til vísindasamfélagsins, undirbýr nemendur sína til þátttöku í alþjóðlegu samfélagi og veitir þeim þjálfun í að takast á við áskoranir 21. aldar.“ Þá er í stefnunni kveðið á um skýrar aðgerðir varðandi þátttöku fræðimanna í opinberri umræðu, samþættingu siðfræði og faglegs náms, eflingu siðferðilegrar dómgreindar og þjálfunar gagnrýnnar hugsunar, reglur um þjónusturannsóknir og kostuð störf, stuðning við innflytjendur og þátttöku þeirra í námi, setningu sérstakrar sjálfbærni- og umhverfisstefnu og öfluga almenningsfræðslu, svo nokkuð sé nefnt.

- Á aldarafmæli Háskóla Ísland árið 2011 var undirritað samkomulag við stjórnvöld um stofnun **Aldarafmælistjóðs Háskóla Íslands** sem hefur m.a. það hlutverk að styðja við stefnu skólans. Úthlutað hefur verið úr sjóðnum m.a. styrk til Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands til að stuðla að framgangi markmiða *Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016* á sviði siðfræði og samfélagslegrar ábyrgðar. Hefur Siðfræðistofnun nú þegar lagt fram framkvæmdaáætlun sem felur í sér kerfisbundna greiningu skilgreindra hæfniviðmiða námskeiða og námskeiðslýsingar með hliðsjón af markmiðinu um samþættingu siðfræði og faglegs náms á öllum fræðasviðum háskólans, framboð stuttra og hagnýtra námskeiða um siðfræði og gagnrýna hugsun, myndun fagráðs og hóps sérfróðra kennara um siðfræðileg málefni til að annast ráðgjöf og kennslu, áætlun um endurmenntun kennara og ráðningu sérstaks verkefnisstjóra.

Þess ber að geta að Háskóli Íslands hefur um árabíl með margvíslegum hætti sinnt þeim málefnum sem hér eru til umfjöllunar, eins og eftirfarandi dæmi sýna:

- **Kennsla í siðfræði** hefur frá upphafi kennslu í heimspeki og heimspekilegum forspjallsvísindum verið snar þáttur í námsframboðinu og gildir það einnig um aðrar greinar hugvísinda við Háskóla Íslands. Við Sagnfræði- og heimspekideild er boðin sérstök námsleið í hagnýtri siðfræði á meistarástigi og diplómanám í starfstengdri siðfræði og eru þessar námsleiðir sniðnar fyrir fólk með margvíslegan bakgrunn til að gera það færara að takast á við siðferðileg viðfangsefni í nútímasamfélagi og styrkja fagmennsku sína og siðferðisvitund.
- Við Háskóla Íslands hefur um árabíl verið starfrækt **Siðfræðistofnun Háskóla Íslands** sem er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun og

vettvangur þverfræðilegs samstarfs á sviði siðfræði. Á vegum Siðfræðistofnunar eru stundaðar rannsóknir á sviði siðfræði, haldnar ráðstefnur og málþing, staðið að útgáfu rita um siðfræði og veitt margvíslega ráðgjöf, m.a. um siðareglur fagstétta.

- Árið 2003 setti Háskóli Íslands sér **siðareglur** og stofnsetti **siðanefnd**. Eru siðareglurnar endurskoðaðar eftir þörfum til að tryggja að þær séu í samræmi við siðferðilegar skyldur og réttindi starfsfólks og stúdenta á hverjum tíma.
- Fyrir skömmu var sett á laggirnar við Háskóla Íslands sérstök **vísindasiðanefnd** sem einkum mun fjalla um rannsóknir á vettvangi félags- og menntavísinda og verið er að leggja lokahönd á starfsreglur hennar.
- Fjölmörg fleiri dæmi mætti nefna. Til að mynda hefur Háskóli Íslands skilgreint skýr **hæfniviðmið** fyrir öll námskeið og allar námsleiðir sem skólinn býður og er í mörgum þeirra lögð áhersla á að efla færni nemenda í gagnrýninni hugsun, rökræðum, talnalæsi og að þeir geti gert skýra og rökstudda grein fyrir skoðunum sínum í ræðu og riti. Þá hafa verið samþykkt sérstök *Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands* sem kveða m.a. á um að **doktorsnemar** skuli fá tilsögn í siðfræði vísinda og í undirbúningi er setning hliðstæðra viðmiða fyrir meistaranám. Ennfremur má geta þess að á síðustu misserum hefur mikil vinna verið lögð í skráningu og samræmingu allra helstu **verkferla** á sviði stjórnsýslu við Háskóla Íslands, m.a. í því skyni að tryggja öryggi og auka faglega ábyrgð. Þá stendur Háskóli Íslands á degi hverjum fyrir margvíslegri **fræðslu fyrir almennig**, m.a. með opnum fyrirlestrum, málþingum og ráðstefnum, auk þess sem skólinn gengst fyrir fjölbreyttu **fræðslustarfi fyrir börn og ungmenni** í því skyni að efla rök-hugsun og auka þekkingu þeirra á sögu, menningu, náttúru og samfélagi. Einnig ber að geta þess að snar þáttur í starfi fræðimanna Háskóla Íslands felst í því að rækja **samfélagslegar skyldur** sínar með miðlun vísinda til almennings. Síðast en ekki síst er unnið mikið og dýrmætt starf innan Háskóla Íslands á sviði **jafnréttismála** sem beint og óbeint skírskotar til siðferðis.

Eins og fram kemur í þessari stuttu samantekt er mikið og fjölbreytt starf unnið innan Háskóla Íslands til að rækta og efla siðferðilega færni og dómgreind starfsfólks og stúdenta. Þetta starf hefur frá upphafi verið samofið hugsjón Háskóla Íslands og kemur skýrt fram í grunngildum skólans um akademískt frelsi, samfélagslega ábyrgð, sjálfstæði og ráðdeild, fjölbreytni og árangur, heilindi og virðingu og jafnrétti og fjölbreytileika.